



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 30. ágúst, 2012

Ákvörðun nr. 17/2012

Yfirtaka Landsbankans hf. á hlutum í Lífsvali ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með samrunaskrá, sem móttokin var 18. janúar 2012, tilkynnti Landsbankinn hf. (hér eftir Landsbankinn eða bankinn) um yfirtöku bankans á Lífsvali ehf. (hér eftir Lífsval). Samrunaaðilar litu svo á sem samruninn félli undir ákvæði a-liðar 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Þess vegna var um að ræða styttri tilkynningu í samræmi við ákvæði 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Þann 7. febrúar 2012 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Landsbankans þar sem tilkynnt var að samrunaskráin væri ekki fullnægjandi og hefði því ekki réttaráhrif og gerð var grein fyrir þeim upplýsingum sem eftirlitið taldi vanta. Bárust þær upplýsingar 5. mars 2012. Með bréfi dags. 10. apríl 2012 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna og fundað með samrunaaðilum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Landsbankann hafa leitt til þess að félagið hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessa máls eru sett skilyrði en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild



eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Landsbankinn starfrækir viðskiptabanka og er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Landsbankanum er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum á hverjum tíma, sem og aðra þá starfsemi sem telst í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi. Félaginu er einnig heimilt að taka þátt í starfsemi sem samrýmist rekstri þess og að gerast eignaraðili í öðrum hlutafélögum í því skyni. Samkvæmt samrunaskrá eru hluthafar bankans tveir, Bankasýsla ríkisins sem fer með 81,3% eignarhlut og Landskil ehf. sem fer með 18,7% eignarhlut. Landsbankinn á fjölmörg dótturfélög. Þeirra á meðal er félagið Hömlur ehf. sem er að fullu í eigu Landsbankans og mun það félag fara með eignarhlut bankans í Lífsvali.

Lífsvall er fasteignafélag sem fjárfestir í landi með gögnum og gæðum að engu undanskildu. Er þar átt við vatnsréttindi, há- og lághitaréttindi, mikla víðáttu, veiðiréttindi, námuréttindi, sjávarréttindi, möguleika á uppbyggingu sumar- og/eða heilsárshúsa og ótvíræðar náttúruperlur. Landbúnaður er hluti af rekstri jarðeigna Lífsvalls sem og útleiga á húsnæði félagsins. Lífsvall rekur í dag þrjú kúabú og hefur framleiðslurétt á mjólk. Félagið rekur einnig tvö sauðfjárbú. Um 15 starfsmenn starfa á framangreindum búum í eigu Lífsvalls. Lífsvall á jarðir um allt land.

Innlausn Landsbankans á hlutum í Lífsvali er liður í yfirtöku eigna til fullnustu kröfu, sbr. 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í samrunaskránni kemur fram að Hömlur ehf., sem er að fullu í eigu Landsbankans, muni fara með eignarhlut bankans í Lífsvali.

III. Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum á umliðnum misserum. Má í því sambandi nefna álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, umræðuskjal nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja*, skýrslu nr. 2/2011, *Samkeppni eftir hrun*, og nú síðast skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012, *Endurreisn fyrirtækja 2012*.

Þá ber að líta til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hafði þessi úrskurður mikla þýðingu við úrlausn mála sem varða eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Með úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitinu bæri að setja samruna Teymis og Vestia skilyrði til að koma í veg fyrir þau samkeppnislegu vandamál sem nefndin taldi stafa af samrunanum við þær sérstöku aðstæður sem uppi væri í íslensku atvinnulífi. Var það gert með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2010 sem birt var 31. mars 2010. Í úrskurði áfrýjunarnefndar kom fram að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir röskun á



samkeppni vegna eignarhalds banka á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði með því að setja samruna af þessum toga skilyrði. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hættu á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eigenda“.

Ljóst er að framangreindur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála veitti Samkeppniseftirlitinu auknar heimildir til að fylgja eftir þeim sjónarmiðum sem eftirlitið hefur birt í álitum sínum og skýrslum.

1. Markaðir sem máli skipta og samkeppnisleg áhrif samrunans

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í þessu máli er ekki nauðsynlegt að skilgreina markaði ítarlega.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun nr. 50/2008, *Samruni SPRON og Kaupþings*, er að finna ítarlega greiningu á viðskiptabankamarkaði. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjú viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum Landsbankans hf., Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í meginatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2009, *Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.*

Líkt og vikið hefur verið að felst starfsemi Lífsvals í rekstri kúabúa og sauðfjárbúa, landbúnaði og í fjárfestingu í landi. Í samrunatilkynningu kemur fram að Lífsval starfi á markaði fyrir búvöruframleiðslu sem framleiðandi í skilningi 2. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Fer sú framleiðsla fram á kúabúum og sauðfjárbúum í eigu félagsins. Með samrunanum mun framleiðsla Lífsvals færast undir Landsbankann.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og



að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Staða Landsbankans á íslenskum bankamarkaði er sterk, sbr. þau sjónarmið áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem birtast í áðurnefndum úrskurði nefndarinnar nr. 18/2009 og rakin voru hér að framan. Sú staða styrkir stöðu Lífsvals. Telur Samkeppniseftirlitið að umræddur samruni hafi í för með sér hættu á því að samkeppni verði raskað.

2. Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga vegna samrunans. Landsbankinn hefur lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar í málinu. Sáttin felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

Við setningu skilyrða almennt er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum eiga ekki að hætta að keppa eða fara sér hægjar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Í þessu máli felast hin samkeppnislegu vandamál í eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Að viðskiptatengsl Landsbankans við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Lífsvall skaði samkeppni á meðan félagið er undir yferráðum bankans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann berist til þeirra félaga sem Landsbankinn hefur yferráð yfir.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yferráðum Landsbankans beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yferráðum Landsbankans og útiloki þar með keppinauta frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni í viðskiptum sínum eða fjárfestingum þannig að félög undir yferráðum Landsbankans njóti betri viðskiptakjara en ætla mætti að óskyldur aðili myndi njóta.
- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Landsbankann berist til keppinauta viðkomandi fyrirtækja.

Skilyrðum ákvörðunar þessarar er ætlað að ryðja úr vegi hugsanlegum samkeppnishindrunum vegna eignarhalds Landsbankans á Lífsvali.



IV. Ákvörðunarorð:

Yfirtaka Landsbankans hf. á Lífsvali ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. laganna eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans.

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

1.1

Almennt

Markmið ákvörðunar þessarar er að tryggja að viðskiptatengsl Landsbankans við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Lífsval skaði ekki samkeppni á meðan Lífsval er undir beinum yfirráðum Landsbankans. Skal bankinn í því skyni, eins og bankanum er unnt í krafti eignarhlutar síns og yfirráða hverju sinni, tryggja sjálfstæði Lífsvals á samkeppnismarkaði, sbr. nánari ákvæði þessarar greinar.

1.2.

Eignarhald Lífsvals skal falið sérstöku eignarhaldsfélagi

Eignarhlut bankans í Lífsvali verður komið fyrir í eignarhaldsfélagi í eigu bankans (hér eftir Eignarhaldsfélagið). Eignarhaldsfélagið skal lúta eftirfarandi reglum að lágmarki:

- a) Stjórnarmönnum í Eignarhaldsfélaginu og starfsmönnum þess er óheimilt að grípa til nokkurra ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði Lífsvals eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem Lífsval starfar á.**
- b) Stjórn og starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna Eignarhaldsfélagsins og Lífsvals sem miða að eða geta haft þau skaðlegu áhrif sem tilgreind eru í a-lið.**
- c) Skilgreina skal þjónustu stoðeilda bankans við Eignarhaldsfélagið og skal tryggja að sú þjónusta falli að öðrum ákvæðum þessarar greinar.**

1.3

Tryggja skal sjálfstæði Lífsvals gagnvart Landsbankanum

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að starfsmenn bankans sem koma að úrlausnarferli Lífsvals og starfsmenn bankans sem taka ákvarðanir um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Lífsvals fari með viðkvæmar trúnaðarupplýsingar þannig að ekki skapist hætta á óeðlilegum gerningum eða röskun á samkeppni.



1.4

Tryggja skal sjálfstæði á milli Lífsvals og tengdra fyrirtækja

Landsbankinn skal, eins og bankanum er unnt í krafti eignarhlutar síns og yferráða hverju sinni, tryggja fullt sjálfstæði Lífsvals gagnvart keppinautum og mikilvægum viðskiptavinum Lífsvals sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu Landsbankans (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki).

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

1.5

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Lífsvals og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli Lífsvals og tengdra fyrirtækja skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Lífsvals vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu bankans. Skal bankinn ekki hlutast til um viðskipti á milli Lífsvals og tengdra fyrirtækja. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Lífsval beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að beita sér fyrir því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Lífsval.

1.6

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti á milli Lífsvals og annarra viðskiptavina bankans

Landsbankanum og Eignarhaldsfélaginu er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli Lífsvals og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Lífsvals eða að Lífsval beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

1.7

Bankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Lífsvals og viðskiptavina bankans

Landsbankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar á milli Lífsvals og annarra viðskiptavina bankans.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini Lífsvals berist ekki til Lífsvals.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um Lífsval berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.

1.8

Yfirlýsing

Æðstu stjórnendur Landsbankans, stjórnarmenn og starfsmenn Eignarhaldsfélagsins og stjórnarmenn Lífsvals sem eru tilnefndir af Eignarhaldsfélaginu skulu undirrita yfirlýsingu þar sem hlutaðeigandi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og að hann heiti því að virða þau að öllu leyti.



2. Upplýsingagjöf

2.1 Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Eignarhaldsfélagsins og framkvæmd á skilyrðum

Eignarhaldsfélagið skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um eftirfarandi að lágmarki:

- a) Skipan stjórnar Eignarhaldsfélagsins.
- b) Lista yfir alla eignarhluti Eignarhaldsfélagsins og stærð eignarhluta í einstökum félögum, ásamt upplýsingum um fulltrúa Eignarhaldsfélagsins í stjórn viðkomandi félaga.

2.2 Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Lífsvals

Aðgengilegar skulu vera opinberlega, t.d. á heimasíðu Eignarhaldsfélagsins, eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Lífsvals (á meðan félagið er undir yfirráðum Landsbankans)

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Lífsvals ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum helstu stjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum þegar þær eiga sér stað.
- c) Ársreikningur og hálfársuppgjör sem skal að lágmarki innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymisyfirlit og eiginfjáryfirlit fyrir viðkomandi tímabil ásamt útreikningi á hreinum hagnaði á hlut fyrir árið/tímabilið. Skulu birtir reikningar félagsins vera útbúnir í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og framsetning þeirra vera nægilega ítarleg til þess að gefa glögga mynd af rekstrinum. Jafnframt skal gera grein fyrir áritun endurskoðanda sé reikningur félagsins endurskoðaður.

3. Eftirlit innan bankans og Eignarhaldsfélagsins

Stjórn Landsbankans skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða sáttar þessarar eða starfsemi bankans eða Eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum sáttarinnar.

Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal stjórnin upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 15. september nk. um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:



- a) Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að sátt þessari af hálfu bankans og Eignarhaldsfélagsins. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Að fylgst sé með því að stjórnarmenn Lífsvals, eftir því sem við á, uppfylli skilyrði ákvörðunar þessarar.
- c) Að fylgst sé með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði og Lífsval starfar á séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- d) Að fylgst sé með því að viðskipti Lífsvals við Landsbankann og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- e) Að fylgst sé með því hvort verulegar breytingar verði í rekstri Lífsvals, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, stofnunar eða slita þeirra.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok október og aprílmánaðar á meðan Landsbankinn á eignarhlut í Lífsvali. Skýrslan skal að lágmarki geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

Þau skilyrði sem fram koma í sátt þessari falla niður þegar Landsbankinn hefur selt eignarhlut sinn að fullu í Lífsvali.

4. Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson